

# Fundargerð

## Ársfundur Landsaðgangs 19. mars 2015

### 9. Ársfundur Landsaðgangs - 2014

**Fundarstaður:** Fyrirlestrasalur Þjóðarbókhöðu

**Fundartími:** 15.00 -16.20

**Viðstaddir:** Sjá lista á síðu 3

**Fundarstjóri:** Áslaug Agnarsdóttir

**Fundarritari:** Birgir Björnsson

**Dagsetning:** 19. mars 2015

**Tilvísun:** 201103-0001 / 14.50.0 Almennt

### Dagskrá

1. Fundargerð 8. ársfundar
2. Starf stjórnarnefndar
3. Ársskýrsla 2014
4. Skýrsla rýnihóps um gagna- og tímaritasöfn
5. Ársreikningur 2014
6. Greiðsluskipting 2015
7. Önnur mál

Ársfundur Landsaðgangs var haldinn fimmtudaginn 19. mars, kl. 15.00 í fyrirlestrasal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Áslaug Agnarsdóttir, skipaður fundarstjóri setti fundinn og kynnti dagskrá hans. Birgir Björnsson ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð 8. ársfundar

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður bauð gesti velkomna og vakti athygli á nafnabreytingu og nýju merki fyrir Landsaðgang; *Landsaðgangur að rafrænum áskriftum*. Farið var stuttlega yfir fundargerð 8. ársfundar sem haldinn var 20. mars 2014. Fundargerðin hefur verið aðgengileg á vef Landsaðgangs, hvar.is og lá frammi á fundinum. Engar athugasemdir voru gerðar við hana.

### 2. Starf stjórnarnefndar

Síðasta ár var 15. afmælisár Landsaðgangs en miðað er við að starfsemin hafi byrjað 23. apríl 1999. Á árinu 2014 starfaði rýnihópur um gagna- og tímaritasöfn, lýsigögn ProQuest Central voru gerð aðgengileg í Primo Central Index og leitir.is. Ekki náðust samningar um lýsigögn á milli ExLibris og EBSCO. Leitarflipum var fækkað úr tveimur í einn í leitir.is og í ljós kom að efni úr ProQuest Central verður mjög fyrirferðarmikið í leitarniðurstöðum leitir.is. Í upphafi ársins var áskrift að Oxford Art Online sagt upp en Oxford Music Online hélt áfram. Útsending reikninga um mitt árið dróst vegna þess að ekki fengust upplýsingar frá Hagstofunni á þeim tíma sem venja er. Stjórnarnefndin fjallaði um stefnu og aðgerðaáætlunar Vísinda- og tækniráðs 2014-2016, en meðal áhugaverðra verkefna þar er upplýsingakerfi til að meta gæði og afrakstur vísinda- og nýsköpunarstarfs. Það verkefni var flutt frá Rannís til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ráðinn verkefnisstjóri í upphafi árs 2015. Á árinu jókst notkun á greinum í gullnum opnum aðgangi í efni Landsaðgangs úr 13.415 árið 2013 í

28.983 árið 2014. Meðal þess sem þarf að huga að til framtíðar er texta- og gagnagreining (text- and data mining), sem snýst um eignarhald á frum- og rannsóknargögnum og aðgengi að þeim. Á árinu birti ICOLC fyrirmyndar- eða grunnsamning (model licensing), sem bókasöfn og samlög geta nýtt sér í samningaviðræðum við útgefendur.

### 3. Ársskýrsla 2014

Birgir Björnsson umsjónarmaður Landsaðgangs flutti ársskýrslu 2014. Aðgangur var óbreyttur á árinu 2014 fyrir utan að áskrift að Oxford Art Online var hætt í ársbyrjun. Áætlað er að landsaðgangur sé að um 20 þús. tímaritum í fullum texta. Umsjónarmaður tók þátt í starfi rafgagnahóps á vegum Landskerfis bókasafna og þá stýrði umsjónarmaður starfi rýnihóps um gagna- og tímaritasöfn sem skilaði niðurstöðum til stjórnarnefndar. Umsjónarmaður sótti árlegan Nordlic Meeting fund sem fram fór í Kaupmannahöfn. Þá kynnti umsjónarmaður Landsaðgang á námskeiðum við Háskóla Íslands, fyrir erlendum gestum Lbs-Hbs, kynning var hjá Landsvirkjun og hjá Landskerfi bókasafna. Þá tók umsjónarmaður þátt í fyrirlestrarröð Landskerfis bókasafna; *Leitir á faraldsfæti*. Á árinu var tímabundinn tilraunaaðgangur að stækkaðri útgáfu af Web of Science, 372 rafrænum tímaritum frá Emerald og 138 ritröðum á rafbókarformi og þá hélt áfram tilraunaaðgangur að SpringerReference sem eru um 200 uppflettirit á rafbókarformi og er aðgangurinn til ársloka 2015.

Martin Blomkvist hjá ProQuest hélt kynningar í október og þá komu tengiliðir og sölufólk frá Cambridge University Press, EBSCO, Elsevier, Emerald, ProQuest, Springer, Taylor&Francis og Thomson Reuters og átti fundi með umsjónarmanni, meðlimum stjórnarnefndar og starfsfólki Lbs-Hbs. Notkun tímaritasafna jókst um 3,84%, notkun samsafna jókst um 3,54%, notkun gagnasafna jókst um 1,91% og notkun rafbóka jókst um 41,05%. Notkun greinasafns Morgunblaðsins minnkaði um 11,88%. Heimsóknum hjá Web of Science fækkaði um 10,74% og leitum fækkaði um 47,22%. Notendum hvar.is fækkaði um 10,76%, heimsóknum fækkaði um 13,87% og síðuflettingum fækkaði um 23,00%. Hvar.is var í 107 sæti á árslista Modernus 2014. Heildarfjöldi sótttra greina og bókkarfla minnkaði um 5,96% en jókst um 3,98% ef notkun á Morgunblaðinu er ekki meðtalin og var 1.243.885 greinar og bókkarflar.

### 4. Skýrsla rýnihóps um gagna- og tímaritasöfn

Birgir sagði frá vinnu rýnihópsins en þátttakendur í honum voru skipaðir af stjórnarnefnd og voru jafnframt fulltrúar helstu greiðsluhópa Landsaðgangs og skólastiga. Meðal verkefna hópsins var að skoða og meta gagnasöfn (samsöfn) EBSCO Premier og ProQuest Central, tímaritalista, notkun og hvort að stærri gagnasafn frá EBSCO gæti komið í stað núverandi áskrifta. Þá voru lýsigögn safnanna metin í samstarfi við starfsfólk Landskerfis bókasafna. Rýnihópurinn skilaði tveimur niðurstöðum, fulltrúi Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala mælti með að áskriftir að gagnasöfnunum yrðu ekki endurnýjaðar og að fé sem losnaði yrði nýtt til þess að fjölga áskriftum beint frá útgefendum og til vara að halda áfram með minnsta gagnasafni EBSCO, Premier og endurnýja ekki áskrift að ProQuest Central. Niðurstaða meirihluta var að endurnýja ekki áskrift að ProQuest Central og að uppfæra í Comprehensive en að mikilvægt væri að gagnasöfnin væru leitarbær í leitir.is. Rýnihópurinn árétaði mikilvægi þess að gagnasöfn séu leitarbær í Primo Central Index (leitir.is).

### 5. Ársreikningur 2014

Ingibjörg fór yfir ársreikning 2014. Á árinu 2014 voru tekjur 241 millj. kr. Kostnaður vegna gagnasafnshluta var 41,7 millj. kr. og var innheimt 26,2 millj. kr. frá greiðendum. Kostnaður

vegna tímaritahluta var 180,7 millj. kr. og var innheimt 90,1 millj. kr. vegna þeirra. Kostnaður 2014 var um 12 millj. kr. lægri en 2013 og skýrist að mestu leiti vegna hagstæðrar gengisskráningar. Rekstrarkostnaður Landsaðgangs var 14,6 millj. kr.

## 6. Greiðsluskipting 2015

Ingibjörg gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2015 sem gerir ráð fyrir að kostnaður vegna áskrifta verði 230,8 millj. kr. sem er talsvert hærri upphæð en 2014 og skýrist að mestu af óhagstæðara gengi. Áætlaður kostnaður vegna rekstrar er áætlaður um 15 millj. kr. og er fer rekstrarkostnaður hækkandi. Framlög af fjárlögum og framlög greiðenda eru vísitölubundin.

## 7. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp en talsverðar umræður urðu um mögulegt efni í Landsaðgangi, t.d. frá Norðurlöndum og áskriftum einstakra tímaritstitla. Þá var rætt um notkunartölur og möguleika á frekari úrvinnslu þeirra. Að lokinni umræðu þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund sem var síðan slitið kl. 16.20.

## Fundargestir

Anna Sveinsdóttir	Bókasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands
Áslaug Agnarsdóttir	Lbs-Hbs
Baldvin Zarióh	Háskóli Íslands
Birgir Björnsson	Lbs-Hbs
Gróa Finnsdóttir	Þjóðminjasafn Íslands
Gunnhildur Björnsdóttir	Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands
Gunnlaugur Guðjónsson	Skógrækt ríkisins
Guðrún Tryggvadóttir	Bókasafn og upplýsingaþjónusta HR
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir	Lbs-Hbs
Kristín Geirsdóttir	Alþingi
Magnús Ólafsson	Reykjalundur
Ólafur S. Ástþórsson	Hafrannsóknastofnun
Pálína Magnúsdóttir	Borgarbókasafn Reykjavíkur
Sara Stef.	Listaháskóli Íslands
Sigrún Guðnadóttir	Bókasafn Kópavogs
Sólveig Þorsteinsdóttir	Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítalans
Sveinn Ólafsson	Matvælastofnun